

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2018  
komudagur 13.4.2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík  
Tíivísun: 201103-0025

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargatið, 508. mál.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargatið, 508. mál.

Samkvæmt tillögunni felur Alþingi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að beita sér fyrir því að unnt verði að taka upp norræna hollustumerkið Skráargatið á matvörur sem framleiddar eru hér á landi. Markmið skrárgatsins er að auðvelda fólki að velja holl matvæli. Þarf matvaran að uppfylla ákveðnar kröfur um magn salt, sykurs, mettaðra fitu og trefja og einungis geta hollustu vörurnar í hverjum flokki fengið merkið.

Alþýðusambandi styður markmið þingsályktunartillögunnar um að tala upp norræna hollustumerkið Skráargatið.

Virðingarfyllst,

Kristjana Birgisdóttir  
Hagdeild ASÍ

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2011  
komudagur 20.4.2011



Reykjavík 18. apríl 2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skáargatið, Þskj. 831 — 508. mál, 139. löggjafarþing 2010–2011.**

Barnaheill - Save the Children á Íslandi fagna þingsályktunartillögu um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir því að unnt verði að taka upp norræna hollustumerkið Skrárgatið á matvörur sem framleiddar eru hérlendis.

Mikil neysla barna og ungmenna á sætindum svo og aukin þyngd þeirra er áhyggjuefni. Að mati Barnaheilla – Save the Children á Íslandi telja samtökin að hollustumerki eins og skrárgatið geti stuðlað heilbrigðari matarvenjum hjá börnum og fullorðnum. Skrárgatið mun auðvelda fólki að velja holl matvæli, þar sem merkið gefur neytendum færi á að velja hollan mat án mikillar fyrirhafnar.

Virðingarfyllt

f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

  
Petrína Ásgeirsdóttir  
framkvæmdastjóri

Barnaheill – Save the Children eru leiðandi frjáls félagasamtök sem vinna að mannréttindum barna um allan heim. Sýn samtakanna er heimur þar sem réttur sérhvers barns til lífs, verndar, þroska og þátttöku er virtur. Markmið Barnaheilla – Save the Children er að vekja heiminn til vitundar um stöðu barna og ná fram tafarlausum og ævarandi breytingum í lífi þeirra. Samtökin hafa Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi í öllu sínu starfi.

Barnaheill - Save the Children Iceland - Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík  
s. 553 5900 - fax. 553 5960 - barnaheill@barnaheill.is - www.barnaheill.is

Alþingi  
nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík 15. apríl, 2011

Varðar: Umsögn vegna þingskjals nr. 831- 508 mál. Tillaga til þingsályktunar um setningu reglna um norræna hollustumerkið Skráargatið.

Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga vinnur að velferðar og forvarnarmálum ásamt fræðslu um hjartasjúkdóma og voru stofnuð þann 8.október 1983. Samtökin hafa í starfi sínu lagt mikla áherslu á kynningu á hjartasjúkdómnum, forvarnir, lækningu og endurhæfingu. Hjartaheill hefur gefið út mikið kynningarefni vegna alls þessa til áratuga. Í því sambandi má m.a.t.d. benda á bæklinginn „Hjartasjúkdómar, varnir – lækning – endurhæfing“. Í honum er í stuttu máli fjallað um áhættuþætti æðakölkunar, helstu hjartasjúkdóma, einkenni þeirra, algengar rannsóknir og meðferð. Þá er lögð áhersla á þá möguleika sem felast í hjartaendurhæfingu. Hjartaheill hafa oft á ferli sínum lagt lið málefnum sem horft hafa til framfara til að draga úr líkum á hjartasjúkdómum og lækka tíðni þeirra. Í tímaritinu Velferð sem er félagsrit samtakanna er verið að benda á ýmsar staðreyndir varðandi mataræði. Það sem maður lætur ofan í sig hefur áhrif á allt í senn, ónæmiskerfið, orkubúskapinn og andlegan líða. Að borða rétt er það að neyta fjölbreyttrar fæðu og matar sem veitir líkamanum þau næringarefni sem hann þarfnast svo hægt sé að halda heilsu, láta sér líða vel og hafa næga orku.

Rannsóknir sýna að neysla á transfitusýrum eykur líkur á hjarta- og æðasjúkdómum mun meira en inntaka á annarri harðri fitu. Það er ekki nóg með að neysla á transfitusýrum hækki hlutfall óæskilegrar blóðfitu (LDL-kólesteról) heldur lækkar hún líka magn jákvæðrar blóðfitu (HDL-kólesteról). Þessu samfara er því mikilvægt að fyrir hinn almenna neytenda sé matvara merkt til að auðvelda neyslu á hollri matvöru. Því fagnar Hjartaheill, landssamtök hjartasjúklinga fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um setningu reglna um norræna hollustumerkið Skráargatið.

Virðingarfyllst

  
Sveinn Guðmundsson, hrl.  
varaformaður Hjartaheilla.



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1822  
komudagur 28.3.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 25. mars 2011  
2011030285/0.1.2/ABA/aba

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar, norræna hollustumerkið Skráargat, 508 mál.**

Landlæknisembættið þakkar fyrir að fá þingsályktunartillöguna um hollustumerkið Skráargat til umsagnar. Embættið telur að það að taka um slíkt hollustumerki geti auðveldað fólki að velja hollari vörur. Það er ein leið til hafa bæta heilsufar landsmanna og með þá með jákvæðum hætti.

Virðingarfyllst,

Anna Björg Aradóttir yfirhjúkrunarfræðingur  
sviðsstjóri gæða- og lýðheilsusviðs



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
Directorate of Health

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2886  
komudagur 6.6.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. júní 2011  
2011030285/0.1.2/ABA/eg

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargatið. Mál nr. 508, þskj. 831 á 139. löggjafarþingi 2010–2011.**

Lýðheilsustöð fékk málið ekki sent til umsagnar á sínum tíma en Landlæknir svarði með bréfi dagsettu 25. mars 2011. Undirrituðum finnst mikilvægt að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri sem viðbót við fyrra svar Landlæknisembættisins.

Landlæknisembættið (áður Lýðheilsustöð) styður tillöguna um að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra beiti sér fyrir því að unnt verði að taka upp norræna hollustumerkið Skráargatið á matvörur sem framleiddar eru hérlendis.

Landlæknisembættið, sem meðal annars hefur því hlutverki að gegna að stuðla að bættu mataræði þjóðarinnar, hefur frá upphafi stutt það að Ísland taki upp samnorrænt hollustumerki, skráargatið, og verði með í frekari þróun á þessu merki. Markmiðið með hollustumerki eins og skráargatinu er að við innkaup geti neytendur á skjótan hátt valið hollar matvörur. Kröfur til matvæla, sem fá merkið, byggjast á viðurkenndum atriðum er snerta samhengi næringar og heilsu. Neytendur geta þá treyst því að vara sem ber hollustumerkið sé hollari en aðrar vörur í sama flokki sem ekki mega bera merkið. Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur hvetur slíkt merki matvælafyrirtæki til að þróa hollari vörur. Til þess að hollustumerkið skili árangri þarf samstöðu hagsmunaaðila, þ.e. neytenda, verslunar, iðnaðar og stjórnvalda. Ennfremur er mikilvægt að merkið verði kynnt vel við innleiðingu.

Áhugi og umræða um upptöku hollustumerkis hér á landi hefur staðið í nokkur ár. Kannanir hafa sýnt að landsmenn eru jákvæðir í garð hollustumerkja, enda skiptir það neytendur verulegu máli, þar sem það auðveldar þeim holla valið, og hvetur iðnaðinn til þróunar á hollari vörum. Slíkt merki gerir innlendum framleiðendum hollra matvara kleift að merkja þær með þessu merki, en merkingin er valfrjáls svo framarlega sem varan uppfyllir ákveðin skilyrði. Nú þegar eru fluttar inn vörur til landsins sem bera þetta merki og því ætti það að vera réttlætismál innlendra framleiðenda hollra vara að eiga möguleika á að setja slíkt merki á sínar vörur.

Landlæknisembættið (áður Lýðheilsustöð) styður því að hollustumerkið verði tekið upp á Íslandi.

*Hólmfríður Þorgeirsdóttir*  
Hólmfríður Þorgeirsdóttir  
Verkefnisstjóri næringar

*Elva Gísladóttir*  
Elva Gísladóttir  
Verkefnisstjóri næringar



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1844  
komudagur 29.3.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 25. mars 2011.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargatið, 508. mál, þingmannatillaga.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skráargatið, 508. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 24. mars sl.

LÍ telur ekki ástæðu til að tjá sig um efni þingsályktunartillögunnar.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,  
formaður



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. apríl 2011

**Efni: Umsögn frá Matis ohf. um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið Skrárgat, 508. mál.**

Matis ohf. mælir með því að norræna hollustumerkið Skrárgat verði tekið upp á Íslandi. Merkið auðveldar neytendum val á hollum matvörum. Mikilvægt er að neytendur þekki merkið frá upphafi og þær reglur sem um það gilda. Nauðsynlegt er að upptöku merkisins fylgi fjármunir fyrir nauðsynlega fræðslu. Matis lýsir sig reiðubúið til að vinna með öðrum aðilum, svo sem Lýðheilsustöð / Landlæknisembættinu og Matvælastofnun að fræðslumálum í tengslum við upptöku Skrárgatsins.

Matis ohf. gerir eftirfarandi athugasemdir: Nauðsynlegt er að kanna árangur af notkun Skrárgatsins í þeim löndum sem hafa tekið merkið upp og byggja ákvarðanir um upptöku þess á Íslandi á athugininni. Sérstaklega mikilvægt er að merkið á ekki við um val á fæðutegundum fyrir ungbörn undir þriggja ára aldri. Þetta undirstrikar mikilvægi fræðslu svo foreldrar velji ekki matvörur fyrir ungbörn út frá hollustumerkinu Skrárgatinu. Nokkur hætta er á að matvörur sem verða merktar með Skrárgatinu hækki í verði og þjóni þannig ekki þeim hópi sem minnstar tekjur hefur. Reglur um Skrárgatið eru strangar og því mun takmarkaður fjöldi matvara fá merkinguna. Það mun ekki nægja neytendum að velja eingöngu matvörur merktar með Skrárgatinu.

Skrárgatið hefur verið í notkun um árabíl og því mundi Ísland ganga að þeim reglum sem í gildi eru og taka þátt í þróun þeirra í framtíðinni. Dæmi um íslenskar aðstæður sem líta þarf á er að í reglunum er byggð ekki talið upp meðal korntegunda en eðlilegt er að því væri bætt inn á listann við endurskoðun.

Virðingarfyllst,

Anna Kristín Daniélsdóttir, sviðsstjóri

komudagur 4.4.2011

SÍMI 545 1200  
FAX 545 1212  
Netfang ns@ns.is  
www.ns.is

Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 4. apríl 2011

### Umsögn um tillögu til þingsályktunar um hollustumerkið Skráargatið, 508. mál.

Neytendasamtökin fagna framkominni þingsályktunartillögu enda hafa samtökin ítrekað lagt til við stjórnvöld að Skráargatið verði innleitt hér á landi.


Ástæðan fyrir því að Neytendasamtökin hafa lagt áherslu á innleiðingu Skráargatsins er að merkið auðveldar neytendum að velja hollan mat. Settar eru ákveðnar kröfur um magn sykurs, fitu, salts og trefja og einungis hollasta/hollustu matvörunar í hverjum flokki fá að bera merkið.

Þótt gefnar séu út opinberar ráðleggingar um mataæði getur verið erfitt að fylgja þeim. Upplýsingar á umbúðum eru oft villandi eða þeim ábótavant. Sem dæmi er ekki skylt að gefa upp saltinnihald á unnum vörum nema á kjötvörum og upplýsingar um viðbættan sykur koma sjaldnast fram. Vandséð er hvernig fólk á að geta borið ábyrgð á eigin heilsu ef það hefur ekki aðgang að svo mikilvægum upplýsingum.

Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni er offita að verða eitt alvarlegasta heilbrigðisvandamál Íslands og samkvæmt upplýsingum frá OECD eru Íslendingar orðnir fjórða feitasta þjóð Evrópu. Þótt hollustumerkið Skráargatið leysi ekki allan vanda er innleiðing þess mjög mikilvægt skref fyrir neytendur. Neytendasamtökin styðja þessa ályktun eindregið og vonast til að merkið verði innleitt hér á landi hið fyrsta.

Slóðin á þingsályktunartillögunna er <http://www.althingi.is/alttext/139/s/0831.html>

Virðingarfyllst,  
f. h. Neytendasamtakanna

  
Brynhildur Pétursdóttir



Alþingi  
Erindi nr. P 139/2029  
komudagur 15.4.2011



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. apríl 2011

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um norræna hollustumerkið skráargat, 508. mál.**

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins hafa efasemdir um árangur af notkun svokallaðra hollustumerkja, eins og skráargatsins, til að bæta mataræði og leiðréttu líkamsþyngd landsmanna.

Samtökin og matvælaíðnaður eru fylgjandi upplýstri umræðu um mataræði og hreyfingu þar sem lögð er áhersla á fjölbreytni, hófsemi og reglubundna hreyfingu. Samfelld upplýsingagjöf og fordómalaus umræða um mataræði er besta leiðin til að upplýsa neytendur. Þá má nefna að ekki hafa verið færð sannfærandi vísindaleg rök fyrir því að fitusnautt fæði sé líklegra en annað til að draga úr ofþyngd eða viðhalda réttu líkamsþyngd. Það eina sem talið er öruggt að ráðleggja til að viðhalda eðlilegri líkamsþyngd er að halda orkuinntöku í jafnvægi við orkunotkun, borða fjölbreytt fæði og hreyfa sig reglulega.

“There was **convincing** evidence that energy balance is critical to maintaining healthy body weight and ensuring optimal nutrient intakes, regardless of macronutrient distribution of energy as % total fat and % total carbohydrates. Although the specific evidence was not reviewed in-depth at the consultation it was felt sensible that maintaining appropriate dietary patterns and energy levels, and adequate physical activity levels were critical in preventing unhealthy weight gain (i.e. overweight and obesity) and to ensure optimal health for those predisposed to insulin resistance.” FAO Food and Nutrition Paper nr. 91/2010.

Samtökin telja að ekki sé hægt að flokka einstakar vörur í góðar og slæmar eingöngu út frá næringarinnihaldi, heldur beri að skoða mataræði í víðara samhengi. Í greinargerð með þingsályktunartillögunni eru ýmsar fullyrðingar sem erfitt er að sjá rök fyrir. Talið er að merkið auðveldi neytendum að velja hollt mataræði á einfaldan hátt. Þessu eru samtökin alveg ósammála þar sem merkið er einungis hægt að nota á einstakar afurðir, án tillits til þess í hvaða samhengi þeirra er neytt og aðeins á suma vöruflokka. Í besta falli má vænta að það auðveldi fólki að velja milli vörutegunda innan einstakra vöruflokka en veruleg hætta er á að það telji fólki trú um að vörur sem ekki bera merkið séu óhollar og hvetji þar með til einhæfs mataræðis. Ekki er hægt að átta sig á við hvað er átt með eftirfarandi klausu sem er alveg merkingarlaus:

„Jafnframt kemur þetta Norðurlöndunum til góða við afnám stjórnsýsluhindrana á sviði verslunar milli landanna. Þegar vara er merkt Skráargatinu tryggja sameiginleg viðmið að samkomulag er milli landanna um vöruna. Þetta auðveldar starf jafnt fyrirtækja og smásöluverslana.“

Í greinargerðinni kemur fram að neysluvenjur og innkaupamynstur á Norðurlöndum séu mjög lík. Það á ekki við um Ísland og Svíþjóð nema að takmörkuðu leyti. Kröfurnar falla

illa að hefðum sem ríkja hér á markaði fyrir mjólkurvörur. Mjólkuriðnaðurinn hér á landi hefur notað ýmsar aðferðir til að draga úr sykurnihaldi, s.s. sætuefni, klofinn sykur og agave síróp, sem er sætara en sykur, en þessi efni eru ekki leyfð, samkvæmt skilyrðum merkisins, án þess að færð séu rök fyrir því banni. Þá eru strangar kröfur um fituinnihald í kjötvörum, eða 10% að hámarki, sem þýðir að flest hreint kjöt uppfyllir ekki kröfurnar. Hafa ber í huga að hér á landi er í gildi reglugerð sem gerir framleiðendum skylt að merkja næringargildi á allar unnar kjötvörur og allar mjólkurafurðir eru líka merktar með næringargildi.

Fram kemur að eftir 20 ára notkun þekki Svíar og treysti merkinu. Eru til gögn sem sýna að heilsa þeirra sem þekkja merkið og kaupa inn með tilliti til þess sé betri en annarra?

Þá er rétt að benda á að á notkun merkisins er aðeins leyfð á forpakkaðar vörur, þ.á.m. brauð. Það útilokar notkun þess í handverksbakaríum. Markaðshlutdeild handverksbakaríanna er mun meiri hér á landi en í Noregi og Svíþjóð og það er óeðlilegt að skekkja samkeppnisstöðu vöru sem seld er beint yfir borðið. Lítil framleiðsla er hér á þeim vöruflokkum þar sem auðveldast er að nota merkið, s.s. hrökkbrauði og kornmeti eins og hafragrjónum og morgunkorni. Undantekning er íslenskt bygg og hveiti sem er í litlu magni á markaði þar sem hugsanlega mætti nota merkið.

Í greinargerðinni kemur fram að Íslendingar þekki ekki merkið og hafi því ekki af því nema takmarkað gagn. Það þarf að kosta miklu til að kenna fólki hvað býr að baki merkinu og ávinningur af því óljós. Eru stjórnvöld reiðubúin að leggja í þann kostnað? Takmörkuðu opinberu fjármagni er betur varið til opinna, fordómalausrar umræðu en að kynna hin ströngu skilyrði skráargatsins. Það getur skapað falskt öryggi, alið á fordómum og gert mataræði einhæfara en ella að velja í blindni eftir næringarmerki með svo ströngum skilyrðum sem skráargatið er.

**Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins telja að hið opinbera þurfi að svara eftirfarandi spurningum áður en tekin er ákvörðun um að taka sænska skráargatið upp á Íslandi:**

1. Hver er raunverulegur ávinningur Svía sem hafa notað merkið frá 1989?
2. Er hægt að sýna fram á að svona merki bæti mataræði og heilsu fólks?
3. Eru stjórnvöld reiðubúin að leggja í þann kostnað sem þarf til að kynna merkið fyrir almenningi án þess að hafa með því skýr markmið um ávinning?

Virðingarfyllt,



Pétur Reimarsson,  
forstöðumaður stefnumótunar- og samskiptasviðs

SAMTÖK IÐNAÐARINS

*Ragnheiður Héðinsdóttir*  
Ragnheiður Héðinsdóttir,  
forstöðumaður matvælasviðs

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2117  
komudagur 28.4. 2011

**From:** [bjarni.hardarson@slr.stjr.is](mailto:bjarni.hardarson@slr.stjr.is) [mailto:[bjarni.hardarson@slr.stjr.is](mailto:bjarni.hardarson@slr.stjr.is)]  
**Sent:** 28. apríl 2011 09:40  
**To:** Sigrún Helga Sigurjónsdóttir  
**Subject:** Re: Umsagnarbeiðni - 508. mál

Tilvísun í mál: SLR11030182

Sæl Sigrún Helga

Umrædd þingsályktunartillaga snýr að verkefni sem yrði ef af verður falið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti.

Af þeirri ástæðu getur ráðuneytið ekki gefið umsögn um þingsályktunartillögu þessa.

Með kveðju

-b.

Bjarni Harðarson upplýsingafulltrúi / Press Officer  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti / Ministry of Fisheries and Agriculture  
Skúlagata 4,  
150 Reykjavík



UMBOÐSMAÐUR BARNA

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1874  
komudagur 31.3.2011



talsmaður neytenda

Nefndasvið Alþingis  
B.t. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2011  
UB:1103/4.1.1

**Efni: Umsögn talsmanns neytenda og umboðsmanns barna um þingsályktun um norræna hollustumerkið, Skráargatið, 508 mál.**

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna og talmanns neytenda um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Umboðsmaður barna og talsmaður neytenda fagna tillögunni enda hafa embættin unnið að því ötullega síðust árin að merkið verði innleitt hér á landi svo sem með því að vekja athygli ráðherra, Alþings og fleiri aðila. Hinn 15. mars 2009 tóku gildi leiðbeiningarreglur talsmanns neytenda og umboðsmanns barna um aukna neytendavernd barna. Leiðbeiningarnar gera ráð fyrir að tekið verði upp opinbert hollustumerki. Í tengslum við þetta sendu embættin hinn 25. mars 2009 sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu bréf þar sem þau gerðu það að tillögu sinni að ráðuneytið myndi undirbúa í samráði við hagsmunaaðila reglur sem kveði á um viðurkenningu á umræddu hollustumerki (sjá á [talsmadur.is/Pages/637?NewsID=1016](http://talsmadur.is/Pages/637?NewsID=1016)). Þar var lagt til að hollustumerkið, skráargatið, yrði tekið upp ekki síðar en 1. janúar 2010. Ekki hafa borist viðbrögð frá ráðuneytinu við þessari tillögu.

Helstu rök fyrir jákvæðu, valfrjálssu hollustumerki felast í því að þannig er hægt að leiðbeina með skjóttum hætti í hraða hversdagsins þeim neytendum og foreldrum – leikum sem lærðum – sem vilja velja holl matvæli óháð þekkingu á næringarfræði eða tungumálum o.s.frv. Þá er merkið þess eðlis að einfalt er að kenna börnum hvað felst í því. Rannsóknir sýna að neysluvenjur mótast snemma og því heppilegt að hafa einfaldar leiðbeiningar á því sviði sem auðvelda börnum og fullorðnum að velja holla matvöru.

Neytendur eiga rétt á vali og upplýsingum. Fleira en verð skiptir neytendur máli, svo sem gæði, öryggi og hollusta matvöru. Með hollustumerki er það upplýsta valfrelsi neytenda gert virkara.

Enginn sjálfkrafa kostnaður felst í því að taka upp slíkt merki. Vitneskja liggur yfirleitt fyrir um innihald matvæla hvað varðar sykur, salt, fitu, transfitusýru og trefjar. Sjáum við fyrir okkur að samkeppnislögmál og þrýstingur á þróun á hollum valkosti mun leiða markaðinn áfram í þessu efni.

Embættin hafa lagt ríka áherslu á að engin kvöð felst í því að taka slíkt merki upp nema sú takmörkun sem af eftirfarandi ákvæðum leiðbeininga embætta okkar leiðir (sjá á talsmadur.is/Pages/55?NewsID=1008):

#### *Hollustumerki*


Ef opinbert hollustumerki verður tekið upp skal leitast við að aðeins matvæli, sem uppfylla kröfur þess hollustumerkis, séu


- nærri kassa,
- auglýst í kringum bíósýningar og á DVD-diskum fyrir ung börn;
- markaðssett með aðstoð kaupauka sem höfðar sérstaklega til barna;
- markaðssett með þekktum teiknimyndafígúrum eða frægum persónum sem höfða sérstaklega til barna,
- auglýst eða boðin til sölu á áberandi stað í sundlaugum og íþróttamannvirkjum;
- framvegis með nafngift, sem gefur í skyn hollustu og eru sérstaklega ætluð fyrir börn.

Við teljum að viðbót í formi hollustumerkis yrði til mikilla bóta fyrir neytendur – einkum börn og foreldra þeirra sem þurfa á slíkum frjálsum valkosti að halda. Einnig álítum við mikilvægt að tilteknum stjórnsluaðila verði falin formleg umsjón og eftirlit með rétttri notkun hollustumerkisins. Embættin óska eftir því að fá umsagnaraðild að því hvernig innleiðingu, kynningu og eftirfylgni hollustumerkis verður háttað af hálfu stjórnvalda.

Hvað varðar tímasetningu álítum við níu mánuði nægilegan frest til slíks undirbúnings og samráðs. Þess vegna leggjum við til að þingsályktunartillagan verði samþykkt með þeirri viðbót að tímasetningin „eigi síðar en 1. janúar 2012“ bætist við tillöguna.

Virðingarfyllst,

  
Gísli Tryggvason,  
talsmaður neytenda

  
Margrét María Sigurðardóttir,  
umboðsmaður barna